**Nd. 205. Breytingartillaga**

við frv. til l. um aðstoðarlán til síldarútvegsmanna 1945.

Frá Eysteini Jónssyni.

Við 4. gr. Á eftir 2. málsl. kemur: Nú sækir hlutafélag eða annað félag með takmarkaðri ábyrgð um lán eftir lögum þessum, og skal þá setja það skilyrði fyrir lánveitingunni, að eigendur taki persónulega ábyrgð á láninu í hlutfalli við hlutafjáreign eða stofnfjáreign þeirra í félaginu, nema aðrar fullnægjandi tryggingar séu settar fyrir láninu.